

Lög Íþróttafélagsins Sleipnir

1. gr. Nafn og varnarþing

Félagið heitir Íþróttafélagið Sleipnir. Heimili þess og varnarþing er í Reykjanesbæ. Félagið er háð lögum og samþykktum héraðssambands íþróttafélaga í Reykjanesbæ (ÍRB) og Íþróttasambandi Íslands (ÍSí).

2. gr. Markmið

Markmið félagsins er að auka áhuga almennings á glímutengdum íþróttum og félagsmálum. Þessu markmiði hyggst félagið ná með því meðal annars að:

- Halda uppi æfingum fyrir félaga sína.
- Standa fyrir og taka þátt í íþróttamótum.
- Halda uppi fræðslu um íþróttamál á hvern þann hátt sem kostur er á hverjum tíma.
- Standa fyrir að byggð verði fullkomin æfinga- og félagsaðstaða.
- Standa fyrir góðu og vönduðu æskulýðsstarfi þar sem áhersla er lögð á heilbrigt líf og vinna gegn vímuefnanotkun.
- Að vinna að markmiðum og stefnuskrá ÍSí og ÍRB.

3. gr. Aðild

Félagi getur hver orðið er þess óskar og samþykkir að gangast undir lög og skyldur félagsins. Félagar teljast þeir sem sækja reglulega æfingar hjá félaginu, eru þjálfarar, sitja í stjórn félagsins eða gegna öðrum trúnaðarstörfum innan félagsins.

4. gr. Aðalfundur

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum stærri málefnum félagsins. Fundurinn er almennt haldinn einu sinni ár hvert eigi síðar en 15. mars ár hvert. Auglýsa skal aðalfundinn opinberlega, með 2 vikna fyrirvara. Aðalfundurinn telst lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála. Kosningar skulu vera skriflegar ef þess er óskað. Séu atkvæði jöfn við stjórnarkjör skal kosning endurtekin. Verði þá atkvæði enn jöfn skal hlutkesti ráða. Allir skuldlausir virkir félagsmenn, 16 ára og eldri, hafa kjörgengi til stjórnarstarfa, tillögurétt, atkvæðisrétt og málfrelsi á aðalfundi félagsins.

Auka aðalfund félagsins má halda ef stjórn álitur þess þörf eða ef 1/4 atkvæðisbærra fundarmanna á aðalfundi óska eftir því, enda tilkynni þeir um leið fundarefni það er ræða á. Auka aðalfundur hefur sama vald og aðalfundur.

5. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar félagsins skal vera sem hér segir:

1. Fundarsetning.
2. Kosinn fundarstjóri
3. Kosinn fundarritari.
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
5. Formaður leggur fram skýrslu stjórnar um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
6. Gjaldkeri leggur fram og fjallar um endurskoða reikninga stjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar.
7. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
8. Kosið um lagabreytingar sbr. 4. gr.
9. Kosinn formaður til tveggja ára í senn.
10. Kosnir 4 stjórnarmenn.
11. Kosnir 2 varamenn.
12. Önnur mál
13. Fundarslit.

6. gr. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins stýrir daglegum rekstri félagsins milli aðalfunda. Stjórn félagsins ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og framkvæmir stefnu félagsins í samræmi við lög þessi.

Stjórn félagsins skipa fimm einstaklingar, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi. Stjórnarkjör skal fara fram á aðalfundi.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur ásamt félagsstjórninni yfirumsjón með öllum framkvæmdum þess, eins og ákvörðun aðalfundar og lög félagsins mæla fyrir. Hann boðar stjórnarfund eins oft og þurfa þykir og stjórnar þeim. Skylt er honum einnig að boða stjórnarfund ef þrír stjórnarmenn óska þess.

Varaformaður gegnir stöðu formanns í forföllum hans en tekur þess utan fullan þátt í almennum stjórnarstörfum.

Ritari heldur gerðabók um alla starfsemi félagsins og honum ber að varðveita öll skrifuð gögn og annað sem viðkemur starfseminni. Hann skal í umboði stjórnar sjá um útsendingu fundarboða og annarra nauðsynlegra tilkynninga til félagsmanna.

Gjaldkeri hefur allar fjárreiður félagsins með höndum og sér um innheimtu félagsgjalda og annarra tekna sem til félagsins falla ásamt því að hafa fjármuni félagsins ávallt á bestu fánlegu vöxtum. Hann skal annast allt er lýtur að skráningu félaga og halda um það spjaldskrá.

Meðstjórnandi annast sérstök tímabundin störf í umboði stjórnar og taka að sér störf sem ekki eru sérstaklega með lögum þessum sett undir önnur embætti.

Einnig skal kjósa tvo varamenn til eins árs. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfund og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Komi til atkvæðagreiðslu í fjarveru aðalmanna, taka varamenn sæti í aðalstjórn í samræmi við atkvæðafjölda. Forfallist ritari eða gjaldkeri, skipar stjórnin einhvern úr sínum hópi í þeirra stað.

Aðalfundur kýs til eins árs tvo bókhaldsfróða menn og einn til vara, til þess að endurskoða reikninga félagsins. Endurskoðendur þurfa ekki að vera félagsmenn.

Stjórn er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum á hennar vegum og skulu þær leggja allar meiriháttar tillögur og ákvarðanir fyrir stjórn til samþykktar.

7. gr. Reikningsár

Reikningsár félagsins er skal miðast við áramót og vera frá 1. janúar ár hvert til 31. desember.

8. gr. Bann við aðild að glæpasamtökum

Einstaklingum á sakaskrá eða einstaklingum sem eru viðriðnir glæpasamtök er ekki heimilt að þjálfa, né taka þátt með öðrum þætti í starfsemi félagsins.

9.gr. Ráðstöfun eigna

Stjórn félagsins er óheimilt að selja og eða veðsetja fasteignir félagsins, kaupa fasteignir, eða hefja byggingu húsa nema með samþykki lögmæts félagsfundar komi til. Ef stjórnin hyggst leita samþykkis fundar fyrir slíkri ráðstöfun, skal geta þess í fundarboði.

10. gr. Reglur félagsins

Stjórn félagsins skal setja reglur um hvers kyns rekstur á vegum félagsins og birta skal slíkar reglur jafnóðum, á sama hátt og aðrar orðsendingar sem félagið sendir frá sér.

11. gr. Aðild að öðrum samtökum

Stjórn er heimilt með samþykki félagsfundar, að gerast aðili að almennum samtökum, sem teljast á sviði áhugamála er félagið hefur á stefnuskrá sinni.

12. gr. Slit félags

Félagið verður ekki leyst upp nema á aðalfundi, þar sem mættir eru minnst $\frac{3}{4}$ - þrír fjórðu – félagsmanna, og verður það þá því aðeins gert að $\frac{2}{3}$ – tveir þriðju – hlutar fundarmanna greiði með því atkvæði. Að öðrum kosti verður að að boða til nýs fundar, og verður þá félagið einvörðungu leyst upp á löglegan hátt, ef $\frac{2}{3}$ – tveir þriðju – hlutar félagsmanna, án tillits til þess, hve margir eru mættir á fundinn greiða því atkvæði. Fundurinn tekur ákvarðanir um ráðstöfun á eftirstandandi eigna félagsins ef einhverjar eru. ÍSÍ og ÍRB skal upplýst um niðurstöðuna að loknum fundi.

13. gr. Breytingar á lögum

Tillögum um breytingar á lögum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum, sem síðar koma fram ef $\frac{2}{3}$ hlutar viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna eru því samþykktir. Breytingar á lögum félagsins teljast samþykkt ef $\frac{2}{3}$ viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna greiða með því atkvæði. Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi eða aukaaðalfundi.

14. Gildistaka

Lög þessi samþykkt á stofnfundi félagsins þann 11. desember 2023. Lögin skulu borin upp til samþykktari Íþróttabandalags Reykjanesbæjar og ÍSÍ af hálfu stjórnar.

Lög samþykkt á stofnfundi 11. desember 2023